



FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

Austurströnd 5 170 Seltjarnarnesi

sími: 520 5000 bréfasími: 520 5019

fms@fangelsi.is www.fangelsi.is

Umboðsmaður Alþingis

19. apríl 2023

2111320

Fangelsismálastofnun vísar til bréfs umboðsmanns Alþingis, dags. 18. apríl sl. (mál nr. 011/2021) þar sem ítrekuð er beiðni um upplýsingar um viðbrögð Fangelsismálastofnunar og Kvíabryggju við skýrslu umboðsmanns vegna heimsóknar í fangelsið þann 22. – 23. mars 2022.

- 1. Í fyrsta lagi er þeim tilmælum beint til FMS og KV að leit í klefum fanga, ákvarðanataka og skráning þar um fari fram í samræmi við lög, þ.á.m. um upplýsingagjöf til fanga um ástæður leitar og takmarkanir á viðveru þeirra við leit, enda skuli slík ákvörðun tekin af forstöðumanni.**

Pegar þessi ábending kom fram í skýrsludrögum svaraði FMS á þann veg að tekið væri undir þessi sjónarmið og að reynt yrði að tryggja rétt vinnubrögð í framtíðinni. Þá gerði KV ekki athugasemdir við þessi atriði.

FMS og KV fóru yfir málið í kjölfarið og munu starfsmenn Kvíabryggju sjálfir sjá um allar leitir í fangelsinu, skráningu mála o.s.frv.

- 2. Í öðru lagi er þeim tilmælum beint til FMS og KV að huga að almennu viðhaldi og endurbótum á húsnæði fangelsisins og að tryggja þurfi, s.s. með viðeigandi búnaði að starfsemi fangelsisins raskist ekki við rafmagnsleysi hjá rafveitu.**

Eins og fram kemur í bréfi FMS til umboðsmanns, dags. 30. júní sl. voru athugasemdirnar teknar til greina en athygli vakin á því að allt viðhald og endurbætur á húsnæði væri háð fjármagni sem hefði verið af skornum skammti. Fangelsismálastofnun hefði vakið athygli dómsmálaráðuneytisins á þessu. Samkvæmt áætlun ráðuneytisins stendur til að fara í endurbætur á fangelsinu með það fyrir augum að fjölga plássum og bæta aðstöðu fyrir starfsmenn og vistmenn. Fangelsismálastofnun sendi minnisblað til ráðuneytisins í janúar sl. með lýsingu á því hvers vegna nauðsynlegt væri að fara í uppbyggingu á Kvíabryggju og Sogni og hvað þyrfti að gera í því sambandi. Þar kom m.a. fram

að húsnæði Kvíabryggju væri verulega úr sér gengið og krefðist tafarlausrar uppbyggingar og endurbóta til þess að aðstaðan uppfyllti lágmarkskröfur um aðbúnað fanga og starfsfólks. Samkvæmt úttekt sem VSB gerði á aðstöðunni á síðasta ári væri talið nauðsynlegt að byggja alfarið nýtt húsnæði á staðnum en að mögulegt væri að nýta eldri húsakost, m.a. sem vinnuaðstöðu fyrir fanga o.fl.

3. Í þriðja lagi er þeirri ábendingu og þeim tilmælum beint til FMS og KV að taka til skoðunar og meta hvort tilefni sé að útbúa heimsóknaraðstöðu innanhúss með það í huga að tryggja rýmri aðstöðu fyrir fanga í samskiptum við gesti þegar ekki sé hægt að vera úti við, einkum með tilliti til barna og að bæta úr aðstöðu til að taka á móti lögmönnum og stoðþjónustuaðilum.

Í fyrrgreindu svari FMS sagði að stofnunin tæki undir nauðsyn þess að bæta aðbúnað í fangelsinu og hefði vakið athygli dómsmálaráðuneytisins á því. Fjármagn hafi hins vegar skort til að gera nauðsynlegar úrbætur á fangelsinu en slíkt stæði vonandi til bóta með aðkomu aðgerðaráætlunar ráðuneytisins. Við þessu má bæta að ráðuneytið hefur nú, eins og að framan greinir tekið ákvörðun um endurbætur á fangelsinu og munu fangelsisýfirvöld koma þessum athugasemdum að við þá vinnu.

4. Í fjórða lagi er þeirri ábendingu beint til dómsmálaráðherra og eftir atvikum FMS að taka til skoðunar og meta hvort tilefni sé til að endurskoða greiðslur til fanga með hliðsjón af tillögum stýrihóps um málefni fanga.

Um þetta mál vísast til dómsmálaráðuneytisins.

5. Í fimmta lagi er þeirri ábendingu beint til KV að taka núverandi greiðslufyrirkomulag starfsmanna fangelsisins með greiðslukortum fanga til endurskoðunar með tilliti til þess sem greinir í skýrslunni.

Í fyrrnefndum svörum kemur fram að það sé mat KV að óheppilegt sé að starfsfólk fangelsisins sé sett í þessa stöðu og verði þessi aðferð aflögð. Unnið verði að því í samráði við FMS að finna betri greiðsluleið í innkaupum fanga. Starfsmenn fangelsisins hafa dregið úr þessari tilhöggun en eins og staðan er nú hefur ekki fundist endanleg lausn í málinu en þetta er sérstaklega snúið, s.s. þegar leysa þarf út pakka á pósthúsum, apótekum o.fl. Stofnunin mun, í samvinnu við fangelsið reyna að finna viðunandi lausn á málinu.

6. Í sjötta lagi er þeim tilmælum beint til dómsmálaráðherra, félagsmálaráðherra og menntamálaráðherra í samvinnu við FMS að fylgja eftir aðgerðum sem heyra undir ráðuneyti þeirra og fram koma í svörum ríkisins við skýrslu CPT-nefndarinnar sem og í tillögum stýrihóps um málefni fanga, þ.á.m. um menntun þeirra, undirbúning fyrir vinnumarkaðinn að afplánun lokinni og heildstæða meðferðarstefnu.

Um er að ræða verkefni sem eru í stöðugri vinnslu hjá FMS og í samvinnu við framangreind yfirvöld.

- 7. Í sjöunda lagi er þeirri ábendingu beint til KV að taka til skoðunar og meta hvort mönnum í fangelsinu sé viðhlítandi m.t.t. öryggis fanga og starfsfólks og aðstæðna og verkefna hverju sinni.**

Í fyrrnefndum svörum KV kom fram að fangelsið teldi að öryggi væri ábótavant í ljósi þess að aðeins einn starfsmaður væri á vakt á nóttunni. Mönnum starfsmanna væri hins vegar háð fjárveitingum frá ráðuneyti. Fjárheimildir skorti og ekki væru líkur á því að unnt yrði að fjölga starfsfólki í fangelsiskerfinu nema með talsvert auknum fjárveitingum sem ekki hefði verið tekin ákvörðun um.

Í framangreindu minnisblaði FMS til dómsmálaráðuneytisins segir að með fyrirhugaðri fjölgun plássna á Kvíabryggju þurfi að bæta við einum dagvinnustarfsmanni, mögulega iðjuþjálfu til að halda utan um vinnu og önnur verkefni fanga. Þá sé enn fremur nauðsynlegt að fjölga fangavörðum á Kvíabryggju um tvo til að mönnun á næturvöktum sé ásættanleg.

- 8. Í áttunda lagi er þeim tilmælum beint til KV að viðhalda með reglubundnum hætti þekkingu og þjálfun starfsmanna í skyndihjálpi og líkamlegum tökum við valdbeitingu.**

Í framangreindu svari var tekið undir að skort hefði á þjálfun í skyndihjálpi og að fangelsið myndi sjá til þess að starfsfólk fengi slíka þjálfun. Þá hefði FMS séð til þess að starfsmenn fengi reglulega þjálfun í líkamlegum tökum við valdbeitingu og myndi halda því áfram. Unnið er að því að fá aðila frá Rauða krossinum til að vera með námskeið á Kvíabryggju, í síðasta lagi haustið 2023.

- 9. Í níunda lagi er þeim tilmælum beint til KV að tryggja að allir fangar séu, strax við upphaf vistunar upplýstir um aðgengi að heilbrigðisþjónustu, þ.á.m. möguleika á læknisskoðun við upphaf vistunar.**

KV hefur tekið undir nauðsyn þess að fangar séu meðvitaðir um heilbrigðisþjónustu og mun tryggja að upplýsingar þar að lútandi séu aðgengilegar, bæði við upphaf vistunar og meðan á henni stendur. Við komu í fangelsið er þeim bent á að ef þeir þurfi að leita til læknis eða tannlæknis sjái starfsmenn um að panta tíma fyrir þá á heilsugæslu eða á tannlæknastofu. Slíkar upplýsingar eru einnig í upplýsingamöppu í öllum herbergjum vistmanna.

- 10. Í tíunda lagi er þeim tilmælum beint til FMS og KV að tryggja að allir fangar hafi aðgengi að nauðsynlegri tannlæknþjónustu, óháð fjárhag.**

Í þessu sambandi vísast til fyrra svars FMS og KV:

„Fangar við fangelsið á Kvíabryggju eiga kost á að sækja tannlæknaþjónustu í Ólafsvík. Fangelsið hefur haft þann hátt á að draga tannlæknaþjónustu af launum fanga. Þegar tannlæknaþjónusta fanga er hins vegar orðin svo há að ekki lítur út fyrir að fangi nái að borga skuldina er honum gerð grein fyrir stöðunni og að fangelsið muni ekki greiða fyrir frekari tannlækningar viðkomandi. Fanga er þó jafnframt gerð grein fyrir því að þrátt fyrir greiðslustöðvun muni fangelsið engu að síður tryggja aðgengi að tannlæknaþjónustu.

Í skýrslunni segir að samkvæmt upplýsingum frá starfsfólki fangelsisins sé nauðsynleg tannlæknaþjónusta almennt aðgengileg föngum en að Fangelsismálastofnun láti vita þegar skuld fanga sé komin yfir ákveðna upphæð. Þegar reikningur sé kominn yfir 200 þúsund krónur sé frekari tannlæknaþjónusta sett á bið. Fangelsismálastofnun fylgist ekki með skuld fanga við fangelsin en þeir sem sjá um bókhaldið í fangelsunum hafa hins vegar í einhverjum tilvikum hnippt í fangelsin þegar upphæðin er orðin há, en í þeim tilvikum er föngum ekki neitað um þjónustu heldur er þeim sagt að stofnunin geti ekki lagt út fyrir frekari kostnaði. Stofnunin reynir hins vegar að rukka menn um þá skuld sem þeir stofna til en eins og fram kemur í skýrsludrögum er það ekki alltaf hægt og fellur sá kostnaður þá á stofnunina. Fangelsismálastofnun eða Kvíabryggja kannast ekki heldur við að tannlæknaþjónusta sé sett á bið vegna skuldar. Fangelsisyfirvöld eiga að tryggja að fangar geti farið til tannlækna en þau geta hins vegar ekki borið ábyrgð á greiðslum vegna slíkrar þjónustu, ekki frekar en varðandi aðra heilbrigðisþjónustu.“

11. Í ellefta lagi er þeirri ábendingu komið á framfæri við KV og FMS að taka til skoðunar og meta hvort aðgengi fanga á KV að beinni stoðþjónustu séu verulega lakari en annarra fanga sem og hvort varanlegar skerðingar hafi orðið á henni í kjölfar kórónuveirufaraldursins og ef svo sé, að leita leiða til að bæta úr því.

Í þessu sambandi vísast til fyrra svars FMS:

„Nær öll þjónusta við fanga skertist að einhverju leyti í faraldrinum og reyndi Fangelsismálastofnun að bæta úr því um leið og tækifæri gafst. Varðandi þjónustu sálfræðinga og félagssráðgjafa stofnunarinnar við vistmenn á Kvíabryggju er hægt að taka undir að þeir fari ekki eins oft þangað og í önnur fangelsi og skýrist það f.o.f. af fjarlægð við fangelsið. Þá hefur stöðugildum þeirra fækkað lítillega eftir faraldurinn en þess ber að geta að geðheilbrigðisteymið hóf störf um svipað leyti og sinnir nú að einhverju leyti því sem sálfræðingar og félagssráðgjafar stofnunarinnar sinntu áður. Vegna þessa hefur verið komið upp góðum fjarfundabúnaði sem hefur reynst vel og er ætlunin að halda því fyrirkomulagi áfram. Vissulega má taka undir að slíkt komi ekki í staðinn fyrir viðtöl augliti til auglitis en það er mat sérfræðinga meðferðarsviðs að þjónusta þeirra hafi aukist með tilkomu fjarfundabúnaðarins og er reynslan sú að fleiri en færri eru ánægðir með þá þjónustu. Þetta tiltekna form gerir þeim kleift að þjónusta fleiri og sparar slíkt tíma til annarra verka. Þetta hentar hins vegar ekki

öllum og þá er reynt að taka tillit til þess. Á það má benda að sérfræðingar meðferðarsviðs telja þetta fyrirkomulag að einhverju leiti betra en það sem áður var þar sem viðtöl við fanga fóru fram við óhentugar aðstæður í fangelsinu, t.d. í herbergjum fanga þar sem þeir þurftu að sitja uppi í rúmi þeirra meðan á viðtalinu stóð eða í rými sem aðrir vistmenn höfðu einnig aðgang að og gátu gengið inn á þá, t.d. til að ná sér í mat í ísskáp sem þar var. Best væri ef aðbúnaður í fangelsinu til slíkra viðtala væri viðunandi en í ljósi aðstæðna hefur fjarfundabúnaðurinn reynst mjög vel. Til stendur að fjölga heimsóknum starfsmanna meðferðarsviðs í fangelsið en jafnframt er búið að ákveða að hafa opna viðtalstíma í fangelsinu, þ.e. að félagsráðgjafi stofnunarinnar hringi í fjarfundabúnaðinn og hafi hann opinn fyrir þá sem það vilja.

Vakin er athygli á að þetta svar á einungis við um þá þjónustu sem starfsmenn meðferðarsviðs Fangelsismálastofnun veita en ekki um þjónustu geðheilbrigðissteymisins eða annarra heilbrigðisstarfsmanna þar sem það heyrir undir heilbrigðisfyrvöld.

12. Í tólfta lagi er þeim tilmælum beint til KV að gæta að því að veita fullnægjandi kæruleiðbeiningar þegar teknar eru stjórnvaldsákvæðanir sem eru kærnanlegar og að ákvarðanir og/eða önnur málsgögn beri það með sér.

Starfsmenn KV hafa tryggt þetta og benda vistmönnum ávallt á þær kæruleiðir sem eru í boði og hver sé viðtakandi kærunnar í hverju tilfelli.

13. Í þrettánda lagi er þeim tilmælum beint til KV að gæta að því að skrá efni og afgreiðslu kvartana. Þá sé þess gætt að kvartanir séu settar í réttan farveg og að föngum sé eftir atvikum leiðbeint um kæruleiðir.

Fangar hafa greiðan aðgang að eyðublöðum í fangelsinu til að koma á framfæri skriflegum kvörtunum. Föngum er leiðbeint um hvernig og hvert sé best að beina kvörtunum. Þegar kvartanir hafa verið afgreiddar eru þær settar í möppu sem er merkt viðkomandi. Starfsmenn benda vistmönnum ávallt á þær kæruleiðir sem eru í boði.

14. Þeim tilmælum er beint til KV að tryggja að upplýsingagjöf til erlendra fanga um réttindi þeirra og skyldur séu í samræmi við þann lagaáskilnað að vera á tungumáli sem viðkomandi skilur.

Túlkþjónusta er ávallt tryggð fyrir þá sem hana þurfa, t.d. við þýðingu skjala eða annarra mála sem koma upp. Upplýsingamappa sem inniheldur helstu upplýsingar um réttindi og skyldur fanga er til á íslensku, ensku og pólsku í fangelsinu.



[Handwritten signature in blue ink]